

Dags: 15.05.2018

Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags:

Hlíðarendi – reitir 1.62, 1.628.8 vegna lóðar E

sem markast af Hringbraut, Bústaðavegi, Flugvallarvegi og Nauthólsvegi, samþykkt í borgarráði 23. september 2010 og síðast breytt með samþykkt á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 18. maí 2018. Breytingin felst í því að texta í kafla 3.3.3 greinagerðar er breytt.

Texti gildandi skilmála er svohljóðandi:

3.3.3 Lóð E. Atvinnuhúsnæði og íbúðir

Gert er ráð fyrir bílageymslum, annars vegar á jarðhæð fyrir atvinnuhúsnæði og hins vegar í kjöllumur fyrir íbúðahúsnæði. Bílageymslur atvinnuhúsnæðis eru í götuhæð með sér innkeyrslu og bílageymslur íbúðahúsnæðis eru hálfri hæð undir götuhæð og að sama skapi eru neðstu íbúðir reitanna hálfri hæð yfir götuhæð til þess að skapa þeim friðhelgi.



Tillaga að breyttum texta í skilmálum er svohljóðandi:

3.3.3 Lóð E. Atvinnuhúsnæði og íbúðir

Gert er ráð fyrir bílageymslum fyrir íbúðahúsnæði í kjöllumur. Valkvætt er að byggja bílageymslu á jarðhæð við atvinnuhúsnæði fyrir bílageymslu atvinnuhúsnæðis með sérinnkeyrslu eða koma bílastæðum atvinnuhúsnæðis fyrir í bílajakjallara.

Yfirlit skilmálasníða, gildandi (F-F á E-reit breytist).

Snið F-F breytt -nýtt snið M-M, skilmálabreyting.



Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Borgarráði þann 23. ágúst 2018 og á embættisafgreiðslufulltrúa þann 16. október 2018.

Tillagan var auglýst frá 4. sept. 2018 með athugasemdafresti til 19. október 2018.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Þórunn Atulman